

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1976 er veitt:

	Pús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	34 381
01 Forsætisráðuneytið	25 686
02 Menntamálaráðuneytið	2 109 378
03 Utanríkisráðuneytið	184 390
04 Landbúnaðarráðuneytið	857 577
05 Sjávarútvegsráðuneytið	690 795
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1 403 987
07 Félagsmálaráðuneytið	590 886
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	3 088 672
09 Fjármálaráðuneytið	132 494
10 Samgönguráðuneytið	1 577 634
12 Viðskiptaráðuneytið	200 503
13 Hagstofa Íslands	2 362
14 Ríkisendurskoðun	2 670
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	713 869

Samtals 11 615 284

Gjört í Reykjavík 17. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

LÖG

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lokaorð 2. gr. 1. málsg. laganna orðist svo:

Skal hann athuga, hvort allir aðilar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess í skránni. Hann skal þegar í stað senda sýslumanni skrána til þinglýsingar.

2. gr.

4. gr. 2. málsg. sömu laga orðist svo:

Dómi um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá. Dómur skal afhentur til þinglýsingar innan fjögurra mánaða frá dómsuppsögn, enda hafi hann ekki sætt áfrýjun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málslíður 3. gr. orðist svo: Heimild þessi gildir til ársloka 1989.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

37. gr. 1. málsg. 2. málslíður laganna orðist svo:

Yfirlýsing skiptaréttar um upphaf nauðasamninga skal einnig þinglýsa á